

Málning hf.
Dalvegi 18
201 Kópavogur

Selfossi, 17. mars 2025
UST202412-206/K.B.B.
07.04.06

Ákvörðun um breytingu á starfsleyfi - Málning hf.

Umhverfis- og orkustofnun vísar til umsóknar Málningar hf. (hér eftir rekstraraðili), kt. 450269-4849, sem barst þann 17. desember 2024, það sem sótt er um breytingu á starfsleyfi félagsins til framleiðslu á málningu. Rekstraraðili er með gilt starfsleyfi frá 20. júní 2016 til 20. júní 2032.

Breytingin snýr að kafla 3.4. í starfsleyfinu sem fjallar um geymslu innandyrna. Sótt er um breytingu á 1. ml. 1. mgr. greinar 3.4. í starfsleyfinu þar sem gerður er áskilnaður um að leysiefni skuli geyma við minna en 20°C hita. Rekstraraðili óskar eftir því að málsliðnum verði breytt á þá leið að geyma megi leysiefni við $\leq 25^\circ\text{C}$ hitastig.

Fram kemur í erindi rekstraraðila að hitastig efnalagers sé stýrt með loftræstikerfi og séu regluleg loftskipti á efnalagernum. Efnalager tengist verksmiðjuhluta eftir gangi sem á er eldvarnarhurð, og því eðlilegt að hitastig lagersins geti mælst nálægt herbergishita sem er skilgreindur 20-25°C, sé því óskað eftir breytingunni. Reynt sé að halda lagernum eins köldum og hægt er. Leysiefni á efnalager séu geymd í lokuðum upprunalegum umbúðum fram að notkun og leitast sé við að nota heilar einingar í hvert skipti.

Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Ef endurskoðun eða breyting á starfsleyfi leiðir til breytingar á starfsleyfisskilyrðum skal Umhverfis- og orkustofnun auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki fjórar vikur. Umhverfis- og orkustofnun telur að um minniháttar breytingu sé að ræða og því óþarft að endurskoða starfsleyfið í heild, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 7/1998. Umhverfis- og orkustofnun auglýsti tillögu að breytingu á starfsleyfinu, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, á tímabilinu 5. febrúar til 5. mars 2025. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar og á nýjum vef Umhverfis- og orkustofnunar. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á tímabilinu. Engin athugasemd barst á auglýsingatíma.

Umhverfis- og orkustofnun hefur ákveðið að gera eftirfarandi breytingar á starfsleyfi rekstaraðila:

Breyting verður á grein 3.4 í starfsleyfinu: Í stað „minna en 20°C hita“ í 1. ml. 1. mgr. kemur „hitastig $\leq 25^{\circ}\text{C}$ “.

Kæruheimild og kærufrestur:

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um breytingu á starfsleyfi er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvaðarinnar, skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

Kristín Björk Birgisdóttir

sérfræðingur